



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	MVF24060123. 155. löggjafarþing. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls og fleiri lögum.
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Menningar- og viðskiptaráðuneyti/Hallgrímur J. Ámundason
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	16. september 2024

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Menningar- og viðskiptaráðherra lagði fram á 154. löggjafarþingi þingsályktunartillögu að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2024–2026 sem samþykkt var 8. maí síðastliðinn. Í ályktuninni eru 22 aðgerðir sem varða ólíka þætti íslenskrar tungu og hvílir ábyrgð á framkvæmd þeirra á mörgum ráðuneytum og undirstofnunum. Á sama löggjafarþingi lagði ráðherra fram þingsályktunartillögu um bókmenntastefnu fyrir árin 2024–2030. Tillagan náði ekki fram að ganga en ráðgert er að leggja hana aftur fram á 155. löggjafarþingi, haustið 2024. Í tillögunni var ein aðgerð sem liggur fyrir liggjandi áformum m.a. til grundvallar. Aðgerð 2 í bókmenntastefnunni ber titilinn *Endurskoðun regluverks* og fjallar um að „ráðist verði í heildarendurskoðun á regluverki og umgjörð sem snertir bókmenntir og stöðu íslenskrar tungu, bæði lögum og reglugerðum sem á þeim byggjast.“ Þau áform sem hér eru kynnt til sögunnar varða endurskoðun á lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensk tákn máls, nr. 61/2011, og er stefnt að því að birta frumvarp til laga um breytinga á þeim lögum, og e.t.v. fleiri tengdum lögum sem varða íslenskt mál, í samráðsgátt haustið 2024.

Markmiðið með þeim breytingum sem kynntar eru í þessu áformaskjali er að efla stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu, skerpa á ábyrgðarþáttum og hlutverki stjórnvalda og virkja fleiri til þátttöku í því verkefni að vernda og þróa tungumálið. Megintilgangurinn með breytingunum er að tryggja að íslenskan sé ávallt í öndvegi í íslensku samfélagi. Tillögurnar sem settar eru fram í skjalinu og óskað er eftir umræðu um á samráðsvettvangnum varða einkum Íslenska málnefnd og íslenska málstefnu. Lagt er til að grundvöllur málnefndarinnar verði styrktur, sýnileiki hennar í samfélaginu aukinn og hlutverk hennar víkkað út, m.a. með auknum heimildum og samstarfi. Íslensk málstefna er einnig tekin til skoðunar og kallað eftir umræðu um gildi hennar og mikilvægis íslensks málstaðals. Þá verði ráðherra falið að flytja árlega skýrslu á Alþingi um stöðu íslenskrar tungu og helstu áskoranir sem tungumálið stendur frammi fyrir hverju sinni.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls tóku gildi fyrir 13 árum síðan, 15. júní 2011, en íslensk málumhverfi hefur tekið miklum breytingum síðan þá. Íbúar með erlendan bakgrunn eru nú um fimmtungur landsmanna og málumhverfi almennings og ekki síst yngri kynslóðarinnar hefur breyst gríðarlega með tilkomu samfélagsmiðla og erlendra efnisveitna þar sem efni á ensku er yfirgnæfandi. Þá hefur fjölgun ferðamanna til landsins leitt til þess að enska hefur orðið meira áberandi í almennaryminu.

Íslensk málnefnd ályktar árlega um stöðu íslenskrar tungu í samræmi við 6. grein framangreindra laga. Ályktanir nefndarinnar síðastliðin ár hafa einmitt beinst í sömu átt og nefnt er hér að framan. Ályktunin frá 2020 fjallaði um viðhorf til íslenskrar tungu, ályktunin

2021 um máluppeldi barna og skólakerfið, ályktunin 2022 um íslenska tungu og nýja miðla og ályktunin 2023 um íslensku í fjölmenningarsamfélagi. Í þessum ályktunum og þeim sem á undan komu eru margar góðar ábendingar um stöðu íslenskunnar í samfélaginu. Íslensk málstefna 2021–2030, sem Íslensk málnefnd afgreiddi haustið 2021, hefur ásamt ályktununum lagt grundvöllinn að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu sem nú liggur fyrir.

Í umræddri aðgerðaáætlun um málefni íslenskrar tungu er ekki gert ráð fyrir endurskoðun laganna í sérstakri aðgerð en ráðuneytið hefur þó hafið vinnu við undirbúning þess, m.a. með hliðsjón af ábendingum sem bárust í umsagnar- og samráðsferli þingsályktunartillögunnar um aðgerðaáætlunina.

Til undirbúnings hefur ráðuneytið enn fremur óskað eftir ábendingum frá bæði Íslenskri málnefnd og Málnefnd um íslenskt táknmál og fleiri aðilum auk þess sem ráðuneytið óskaði sérstaklega eftir úttektum og greinargerðum frá þremur einstaklingum sem eru sérfræðingar á sviði íslensku, laga og stjórnsýslu. Þetta eru Eiríkur Rögnvaldsson, fyrrverandi prófessor í íslensku við Háskóla Íslands, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, prófessor við Háskólann á Bifröst, og Sindri M. Stephensen, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Þessar greinargerðir bárust ráðuneytinu fyrri hluta árs 2024. Ýmsar tillögur og ábendingar í þessu áformaskjali eiga uppruna sinn í fyrrgreindum greinargerðum eða öðrum ábendingum sem ráðuneytinu hafa borist.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Eins og rakið er að framan hefur íslenskt málsamfélag breyst mikið á undanförunum árum og margir hafa lýst yfir áhyggjum af stöðu íslenskunnar í samfélaginu. Full ástæða er því til að huga að endurskoðun á því regluverki sem gildir um íslenska tungu svo tryggt sé að bregðast megi á skilvirkan hátt við áskorunum sem þjóðtungan mætir hverju sinni. Mögulegar leiðir og útfærslur eru ræddar í kafla C hér á eftir. Markmiðið með þeim öllum er að skjóta styrkari stoðum undir stöðu íslenskrar tungu til framtíðar.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefna sviði/málaflokki.

Stefna stjórnvalda í málefnum íslenskunnar birtist í ýmsum lögum og reglugerðum sem falla undir ábyrgðarsvið mismunandi ráðherra. Þannig falla málefni íslensku og kennslu hennar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi undir mennta- og barnamálaráðherra, málefni íslensku í háskólum undir háskóla-, iðnaðar- og vísindaráðherra, málefni fullorðinsfræðslu og þar með íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur undir félags- og vinnumarkaðsráðherra. Undir menningar- og viðskiptaráðherra falla málefni íslenskrar tungu og íslensks táknmáls almennt sem og þær stofnanir sem fara með þau málefni, t.d. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Þá heyrna málefni fjölmiðla og bókmennta einnig undir málefna svið menningar- og viðskiptaráðherra.

Ráðherranefnd um íslenska tungu var skipuð af forsætisráðherra í nóvember 2022. Nefndinni var ætlað efla samráð og samstarf milli ráðuneyta um málefni íslenskrar tungu og tryggja samhæfingu þar sem málefni skarast. Sæti í ráðherranefndinni áttu, auk forsætisráðherra, mennta- og barnamálaráðherra, háskóla-, iðnaðar- og vísindaráðherra, félags- og vinnumarkaðsráðherra og menningar- og viðskiptaráðherra. Áherslum ráðherranefndarinnar er miðlað í fyrrgreindri aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2024–2026. Ekki er gert ráð fyrir áframhaldandi starfi sérstakrar ráðherranefndar um íslenska tungu heldur mun ráðherranefnd um samræmingu mála sem varða fleiri en eitt ráðuneyti annast málefni íslenskunnar. Þó er gert ráð fyrir að sérfræðingar ráðuneytanna sem tengjast verkefnum og aðgerðum í þágu íslenskunnar haldi því samráði áfram sem efnt var til með ráðherranefnd um íslenska tungu.

Aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2024–2026 var samþykkt sem ályktun frá Alþingi vorið 2024. Aðgerðir í áætluninni varða málefni íslenskunnar í víðum skilningi og skilgreina forgangsverkefni stjórnvalda næstu þrjú árin, í samvinnu ráðuneyta, atvinnulífs, menntakerfis og ýmissa félagasamtaka. Aðgerðaáætlunin tekur ekki til breytinga á regluverki íslenskunnar með beinum hætti. Markmiðið með þessu áformaskjali er að kynna hugmyndir að

endurskoðun regluverksins en kalla jafnframt eftir hugmyndum að því hvernig það verði best gert með hagsmuni íslenskunnar að leiðarljósi.

Málstefna íslensks táknmáls 2024–2027 var samþykkt sem þingsályktun frá Alþingi 20. mars síðastliðinn. Tvær aðgerðir í ályktuninni varða regluverk. Annars vegar aðgerð E1 sem fjallar um að unnið verði að endurskoðun laga um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og hins vegar E2 þar sem segir að lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls verði metin í samræmi við málstefnu og hlutverk málnefndar um íslenskt táknmál. Vinna við þessar aðgerðir á að hefjast á árinu 2024 í menningar- og viðskiptaráðuneytinu og verða áform um þær lagabreytingar birtar í samráðsgátt stjórnvalda fyrri hluta árs 2025.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Yfirlýst stefna stjórnvalda í málefnum íslenskunnar er að styðja hana og styrkja, treysta stöðu hennar í samfélaginu og tryggja að hún verði notuð á öllum sviðum samfélagsins. Markmið með breytingum á lögum um stöðu íslenskunnar er að styrkja stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu, eins og rakið er í kafla A.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Versnandi staða íslenskrar tungu í samfélaginu sem leiðir með tímanum óhjákvæmilega til hnignunar hennar.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.

Þegar eru í gildi lög um íslensku. Ef ætlunin er að gera breytingar á þeim verður það aðeins gert með lögum. Nánari útfærsla á sumum þáttum laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls er heimil í reglugerð, sbr. 6. gr. laganna og reglugerð um Íslenska málnefnd, nr. 440/2012.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.

Hér verður stiklað á nokkrum atriðum sem ráðuneytið hefur fengið ábendingar um að nauðsynlegt eða æskilegt sé að breyta. Viðraðir eru helstu möguleikar en umsagnaraðilum er frjálst að benda á eða leggja til aðrar leiðir. Fjallað er um stóru drættina í áformaskjalinu en nákvæmari útfærsla mun síðan birtast í drögum að frumvarpi til breytinga á lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls og fleiri lögum sem birt verður til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda síðar um haustið 2024.

1. Íslensk málnefnd.

Íslenskri málnefnd var komið á fót árið 1964 en kveðið er á um núverandi fyrirkomulag hennar í 6. gr. laga nr. 61/2011 og í reglugerð nr. 440/2012. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn og í henni eiga sæti 16 fulltrúar. Tilnefningaraðilar eru úr ýmsum áttum, stjórnvöld, háskólar, stofnanir og fagfélög auk tveggja sem ráðherra skipar án tilnefningar. Ekki hefur verið farið fram á sérstaka fagþekkingu á íslenskri tungu þegar óskað er eftir tilnefningum. Full málnefnd fundar sjaldan en innan hennar starfar síðan fimm manna stjórn sem fundar oft.

Ástæða er til að meta hvort núverandi fyrirkomulag sé eins og best verður á kosið, m.a. í ljósi umsagna við drög aðgerðaáætlunar í málefnum íslenskrar tungu.

Um verkefni málnefndarinnar er kveðið í lögum og í reglugerðinni. Hlutverk hennar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf, gera tillögur um málstefnu til ráðherra og álykta á hverju ári um stöðu íslenskrar tungu. Henni er heimilt að benda á bæði það sem vel er gert eða betur má fara við meðferð íslenskunnar opinberlega. Þá skal nefndin semja íslenskar ritreglur.

Nánari fyrirmæli eru í reglugerðinni þar sem meðal annars er kveðið á um hversu ört bæði nefnd og stjórn funda. Þar kemur einnig fram að stjórn skuli í upphafi skipunartíma síns semja stefnuskrá til fjögurra ára. Miðstöð starfsemi málnefndarinnar er í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem annast skrifstofuhald fyrir nefndina.

Bent hefur verið á að Íslensk málnefnd sé ekki ýkja sýnileg í samfélaginu og að æskilegt sé að hún verði það í mun meiri mæli. Þá hafi málnefndin fá úrræði til að láta til sín taka. Heimild til að benda á það sem vel er gert eða sem betur má fara dugi ekki til. Skýra þurfi mun betur hvert hlutverk málnefndar er, hvert umboð hennar sé og valdheimildir.

Til að skýra betur grundvöll nefndarinnar, hlutverk hennar og heimildir er því stungið upp á breyttu fyrirkomulagi og kallað sérstaklega eftir sjónarmiðum hvað það varðar.

Komið verði á fót virkum samráðsvettvangi um málefni íslenskrar tungu, Íslenskuráði, sem skipað verði 5 einstaklingum. Formaður og varaformaður verði skipaðir af menningarráðherra án tilnefningar, rétt eins og hjá Íslenskri málnefnd, nú en þrír verði tilnefndir af öðrum aðilum: ráðherra sem fer með málefni leik-, grunn- og framhaldsskóla, Árnastofnun og samstarfsnefnd háskólastigsins. Hlutverk Íslenskuráðs verði m.a. að

- a. veita stjórnvöldum ráðgjöf um aðgerðir sem varða málefni íslenskrar tungu, verndun hennar og þróun til framtíðar,
- b. álykta um stöðu tungunnar og framvindu verkefna í hennar þágu sem lægi til grundvallar árlegri skýrslu menningarráðherra til Alþingis,
- c. vekja athygli á því sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi, í samvinnu við viðeigandi stofnanir, félag eða fyrirtæki, t.d. Neytendastofu, Ferðamálastofu og Árnastofnun.
- d. stuðla að sýnileika og virkri samfélagsumræðu um málefni íslenskrar tungu.

Auk öflugss Íslenskuráðs hefði ráðherra heimild til að kveða í reglugerð á um tímabundnar nefndir sem fjalla ættu um afmörkuð atriði eða málaflokka sem efst eru á baugi í samfélaginu hverju sinni og tengjast málefnum íslenskrar tungu; svo sem um íslensku sem annað tungumál; íslensku í skólakerfinu; stöðu íslensku í samfélaginu og atvinnulífinu; og íslensku í ljósi jafnréttis, mannréttinda og inngildingar. Slíkar nefndir heyrðu undir Íslenskuráð og væru ráðinu til stuðnings. Þessi útfærsla gæfi ráðherra tækifæri til að bregðast við ákalli í samfélaginu og tengja saman hagsmunaaðila sem koma úr ýmsum áttum, jafnt innan stjórnkerfisins, skólakerfisins, atvinnulífsins eða samfélagsins almennt.

Með breyttu fyrirkomulagi yrði hlutverk formanns nefndarinnar mögulega aukið og tengsl við stjórnkerfi og stjórnarsýslu eflað til muna. Velta má því fyrir sér hvort um fullt starf ætti að vera að ræða hjá formanni Íslenskuráðs. Enn fremur hvort æskilegt væri að breyta skipunartíma formanns, t.d. úr fjórum árum í tvö en hafa skipunartíma annarra ráðsmanna óbreyttan.

Nauðsynlegt er að ræða um hvaða valdheimildir eru nauðsynlegar til að Íslenskuráð geti gegnt skyldum sínum gagnvart íslenskri tungu og unnið að styrkari stöðu íslenskunnar í samfélaginu. Í lögum eru nú þegar til staðar refsheimildir þegar kemur að íslensku máli, í lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005. Þar er m.a. kveðið á um að auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skuli vera á íslensku og að skilmálar skuli vera á íslensku. Neytendastofa fer með framkvæmd og eftirlit með þeim lögum og getur beitt stjórnvaldssektum vegna brota á þeim. Spyrja má hvort ekki væri æskilegt að koma á samstarfi Neytendastofu við Íslenskuráð, í ljósi þess að í ráðinu er til staðar sérfræðipækking á íslensku máli, sem eftir atvikum fjallaði um möguleg brot en vísaði málum til Neytendastofu til framkvæmdar. Ákvæði um notkun íslensku í auglýsingum gætu enn fremur verið flutt í lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls.

Samkvæmt lögnum er skrifstofa Íslenskrar málnefndar í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Því fylgja óneitanlega kostir að málnefndin skuli starfa í nábýli við fræðasamfélagið en spyrja má hvort ekki sé jafnframt nauðsynlegt að Íslenskuráð starfi í nánnum tengslum við stjórnarsýsluna, bæði ráðuneyti íslenskunnar sem og önnur ráðuneyti.

2. Íslensk málstefna og íslenskur málstaðall.

Kveðið er á um íslenska málstefnu í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls. Þar segir að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu. Kveðið er í 5. gr. á um að um málstefnu og stöðu íslenskrar tungu skuli leita samvinnu við Íslenska málnefnd. Í 6. gr. segir að málnefndin skuli gera tillögur um málstefnu til ráðherra. Þá segir í

10. gr., sem ber yfirskriftina *Málfarsstefna ríkis og sveitarfélaga*, að mál það sem notað er í starfsemi ríkis og sveitarfélaga eða á vegum þeirra skuli vera vandað, einfalt og skýrt.

Í sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, er sérstakt ákvæði um málstefnu. Þar segir að sveitarstjórn skuli móta sveitarfélaginu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd eða málnefnd um íslenskt táknmál. Aðeins örfá sveitarfélög hafa sett sér málstefnu, þar á meðal Reykjavík, Dalvík og Kaldrananeshreppur. Spyrja má í þessu sambandi hvort nauðsynlegt sé eða íslenskunni til framdráttar að sérhvert sveitarfélag setji sér sína eigin málstefnu? Eða er e.t.v. áhrifameira að ein opinber málstefna sé í gildi og að sveitarfélögum sé skylt að fara eftir henni? Á það hefur verið bent að e.t.v. væri nærtækast að sama málstefna gildi um allt land, á öllum stjórnáskilum og næði jafnframt til fleiri geira en bara hins opinbera. Slík stefna gæti verið einföld í sniðum og með almennu orðalagi og kveðið á um helstu skyldur og réttindi borgaranna þegar kemur að íslensku máli. Hún kvæði á um lágmarksréttindi og -skyldur en tilteknir aðilar gætu sett sér strangari reglur ef því er að skipta. Misströng skilyrði gætu til dæmis átt við eftir því hvort um er að ræða opinberan aðila eða einkaaðila, sbr. umfjöllun hér síðar um lög um eistneskt mál eða frönsku tungumálalögin.

Ábendingar hafa borist um brotalamir í notkun íslensks máls þegar kemur stórrí atvinnugrein eins og ferðaþjónustunni og tengdri starfsemi. Rannsókn var gerð á þessu við Háskólann á Hólum og Árnastofnun og niðurstöður birtar 2022. Þar kemur fram að engin opinber stefna sé sem nái til aðila sem starfa á þessum markaði. Sama máli gegnir um markaðsstofur, landshlutasamtök, Vegagerðina, opinbera menningarsjóði og fleiri aðila. Niðurstaðan sé mikið andvaraleysi gagnvart stöðu íslenskunnar. Sömu sögu er að segja þegar kemur að upplýsingum í almannarýminu, hvort sem um er að ræða upplýsingaskilti, vegvísa, matseðla eða auglýsingar. Reglur um málnotkun, hvaða tungumál skuli birt eða hvaða málstaðli skuli fylgt eru vart fyrir hendi.

Spyrja má hvort ekki sé æskilegt að fjalla um opinberan málstaðal í íslenskri málstefnu. Málstaðall er yfirheiti yfir þær reglur sem hið opinbera hefur ákveðið að gilda skuli um íslenskt mál. En hver er hinn opinberi málstaðall? eru það ritreglurnar sem Íslensk málnefnd semur og ráðherra gefur út skv. 6. gr. laganna eða er það eitthvað meira líka? eru það auglýsingarnar sem ráðherra birtir í Stjórnartíðindum? Er það Stafsetningarorðabók? Er það vefurinn málið.is hjá Árnastofnun? Er allt framangreint málstaðall?

Í framhaldi af því má spyrja hvort eðlilegt og sjálfsagt sé að í lögnum séu ákvæði um skyldu allra til að fylgja íslenskum málstaðli eða setja sérstaka kröfu um að allir sem þiggja opinbera styrki skuli fylgja íslenskum málstaðli. Ákvæði um slíkt eru t.d. í frönsku tungumálalögnum. Hvaða reglur skulu t.d. gilda þegar texti er þýddur á íslensku af erlendu máli, hvort sem er í bókarformi, sem texti á streymisveitu, sem stýrikerfi, forrit, app eða annað rafrænt viðmót? Og hvernig er hægt að hafa eftirlit með því að íslenskum málstaðli sé fylgt? Um hvaða hluti ætti að kveða á um í gæðastaðli um íslenskan málstaðal? Í hefðbundnum málstaðli er yfirleitt aðeins fjallað um stafsetningu og greinarmerki í ritaðri íslensku en minna fjallað um framburð, áherslur eða mállýskur. Ætti slíkt að vera hluti af málstaðlinum?

3. Gildissvið.

Samkvæmt lögnum er gildissvið þeirra almennt. Í 1. gr. segir: „Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi.“ Og í 2. gr. segir enn fremur: „Þjóðtungan er sameiginlegt mál landsmanna. Stjórnvöld skulu tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.“ 8. gr. laganna hefur yfirskriftina *Opinbert mál stjórnvalda*. Þar kemur fram að íslenska sé mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga, skóla á öllum skólastigum og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita almannaþjónustu.“ Þannig verður ekki ráðið af lögnum að þau nái til annarra en opinberra aðila. Ekki er hægt að sjá að lögnum sé ætlað að ná til fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga. Spurningin er hvort svo ætti einnig að vera? Benda má á að í löggjöf sumra ríkja er gildissviðið mun víðtækara en í íslensku lögnum. Í frönskum lögum um notkun frönsku í samfélaginu segir að þau nái jafnt til opinberrar þjónustu, viðskipta, atvinnulífs og menntunar. Lögum ná jafnframt yfir allar merkingar, kynningar og leiðbeiningar varðandi vörur og

þjónustu sem og auglýsingar. Ákvæði eru jafnframt um notkun frönsku í tölvum, svo sem í stýrikerfi og forritum. Markmið frönsku laganna er í senn verndun frönskunnar sem og neytendavernd. Verndunin snýst þó ekki um að vernda hreinleika frönskunnar heldur tilvist hennar. Í eistnesku tungumálalögum er tekið fram að gildissvið þeirra nái bæði til opinberra aðila og einkaaðila en kvaðir til síðarnefndu aðilanna eru ekki jafn íþyngjandi. Kröfur eru um notkun eistnesku og jafnframt að fylgt sé opinberum málstaðli.

Er eðlilegt og sjálfsagt að víkka út gildissvið laganna þannig að það nái til samfélagsins alls, þar á meðal atvinnulífsins, en ekki bara til opinbera geirans?

4. Önnur lög.

Fjallað er um málefni íslenskrar tungu víða í lögum. Um ákvæði í íslensku í sveitarstjórnarlögum er fjallað að framan. Í kaflanum um Íslenska málnefnd er jafnframt rætt um ákvæði í lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, og hvort réttara væri að þau ættu heima í lögum um íslensku. Ákvæði um íslenska tungu er að finna víðar, t.d. í lögum um örnefni, mannanafnalögum og víðar. Ættu slík ákvæði frekar að eiga heima í lögum um íslensku?

Lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum mynda rammann kringum rannsóknastofnun sem hefur mikilvægt hlutverk gagnvart íslenskri tungu. Lögin eru frá árinu 2006 þegar nokkrar stofnanir á sviði íslenskra fræða voru sameinaðar. Reglugerð um stofnunina var sett árið 2008. Nokkrar breytingar hafa orðið á skipulagi og starfsemi stofnunarinnar síðan lögin voru sett, t.d. hefur máltækni sótt mikið í sig veðrið undanfarin ár og hefur Árnastofnun að mörgu leyti verið miðlæg þjónustu- og innviðastofnun á því sviði. Þá hefur menningarhlutverk stofnunarinnar varðandi miðlun og þjónustu aukist, ekki síst við flutninga hennar í Eddu. Er nauðsynlegt að skerpa á menningarlegu hlutverki Árnastofnunar gagnvart íslenskunni og almenningi? Ætti hún að gegna svipuðu hlutverki og Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands eða Náttúruminjasafn Íslands hafa gangvart almenningi þegar kemur að þjóðminjum, list eða náttúru? Þá hefur verið bent á að stjórnskipulag stofnunarinnar sé flókið. Forstöðumaður er skipaður af ráðherra yfir stofnunina til fimm ára í senn en við hlið hans starfar stjórn sem gegnir einkum ráðgjafarhlutverki. Innan stofnunarinnar starfar jafnframt sérstök stjórnareining sem kallast húsping sem tilnefnir m.a. fulltrúa í dómnefndir þegar ráðið er í ný störf. Ráðherra kveður á um skipulag stofnunarinnar í reglugerð að fenginni tillögu forstöðumanns og með umsögnum bæði stjórnar og húspings. Skipulag stofnunarinnar er að þessu leyti flóknara en hjá öðrum menningarstofnunum og meira í ætt við stofnanir við Háskóla Íslands enda er hún hluti af fræðasamfélagi hans. Eðlilegt er að spyrja hvort þetta skipulag hafi reynst vel eða hvort ástæða sé til að taka það til endurskoðunar.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.

Áformað er að gera breytingar á lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaðs og eftir atvikum öðrum lögum sem fjallað er um íslenska tungu eða málefni sem henni tengjast.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.

Fyrirhugað er að gera breytingar á þeim ákvæðum sem lúta að Íslenskri málnefnd og íslenskri málstefnu eins og rætt er í lið C.3.1 og C.3.2 í skjalinu.

Jafnframt er stefnt að því að breyta því að skrifstofa Málnefndar um íslenskt táknað skuli vera hjá Árnastofnun. Eðlilegt þykir að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra sinni því hlutverki.

Skoðað verði hvort rétt sé að fella niður ákvæði um punktaletur, sjá 4. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaðs.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Nei

2. **Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?**

Nei

3. **Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?**

Í lögum um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er hvorki fjallað um Íslenska málnefnd né Málnefnd um íslenskt táknmál. Í reglugerð um stofnunina, nr. 861/2008, eru hins vegar ákvæði um Íslenska málnefnd. Þar segir í 10. gr.: „Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er skrifstofa Íslenskrar málnefndar. Stofnuninni ber að sjá Íslenskri málnefnd fyrir fundaraðstöðu, fundarritara, veita henni almenna skrifstofuþjónustu og aðstoð við alþjóðleg samskipti.“ Enn fremur: „Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum getur gert tímabundna samstarfssamninga við Íslenska málnefnd þar sem m.a. yrði kveðið á um fjárhagsleg samskipti og sérstök verkefni.“ Vekja má athygli á því að sérstök lög hafa verið sett bæði um örnefni og mannanöfn. Um örnefni gilda lög nr. 22/2015 og um mannanöfn lög nr. 45/1996. Fyrirnefndu lögin eru á forræði menningar- og viðskiptaráðherra en síðarnefndu lögin á forræði dómsmálaráðherra. Spyrija mætti hvort æskilegt væri að hvor tveggja lögin væru á forræði sama ráðherra.

F. Samráð

1. **Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?**

Hagsmunaaðilar þegar kemur að málefnum íslenskrar tungu eru í raun allir notendur og neytendur íslenskrar tungu. Til að nefna dæmi er nærtækt að tiltaka allt skólakerfið, frá leikskólum til háskóla, stjórnýslu í víðum skilningi, hvort sem átt er við ríki eða sveitarfélög, Alþingi, dómstóla eða framkvæmdavaldið. Atvinnulífið og fjölmiðlar eru einnig augljósir hagsmunaaðilar, stofnanir, félagasamtök, einstaklingar o.s.frv.

2. **Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?**

Nei. Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands fer menningar- og viðskiptaráðherra með málefni íslensku, þar á meðal íslenskrar tungu og íslensks táknmáls sem og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, auk örnefna og örnefnanefndar. Sbr. þó það sem segir undir liðum B.1 og E.3.

3. **Samráð sem þegar hefur farið fram.**

Ráðuneytið hefur við undirbúning þessara áforma rætt við bæði Íslenska málnefnd og Málnefnd um íslenskt táknmál auk utanaðkomandi sérfræðinga, sbr. kafla A.2.

4. **Fyrirhugað samráð.**

Stefnt að er opnu samráði í Samráðsgátt stjórnvalda um drög að frumvarpi að breytingalögum á lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, og eftir atvikum öðrum lögum, í haust og framlagningu frumvarps á Alþingi á haustþingi. Sérstakt samráð um málið verður auk þess haft af hálfu Alþingis og viðeigandi þingnefndar í meðförum þingsins.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. **Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal.**

Óveruleg fjárhagsáhrif á ríkissjóð.

H. Næstu skref, innleiðing

1. **Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina?**

Nei.

2. **Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?**

Ekki er gert ráð fyrir að fyrirhugaðar lagabreytingar krefjist mikils undirbúnings.

3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Á ekki við.

4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.

Ekki verið skilgreint.

5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Nei.

I. Annað

J. Fylgiskjöl

1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.